

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu WorldArchery (WA) og fer eftir reglum og lögum þess. Reglur BFSÍ skulu vera í samræmi við reglur og lög WA.

Met

Íslandsmet:

Hægt er að slá Íslandsmet á mótum sem uppfylla eftifarandi skilyrði.

1. Að mótið fari eftir reglum WA og BFSÍ.
2. Að mótið sé tilkynnt til BFSÍ að lágmarki 20 dögum áður en mótið hefst.
3. Að landsdómari eða dómari með hærri dómaragráðu dæmi á mótinu.
4. Að skotsvæði sé í samræmi við reglur WA um uppsetningu vallar. (Book 2, chapter 7)
5. Að rafrænar niðurstöður og skráning séu gerðar í samræmi við reglur WA um heimsmet af landsdómara stig 2.

Til staðfestingar á Íslandsmetum er nægilegt að vísa í rafrænar niðurstöður IANSEO af mótinu sem uppfyllir skilyrðin hér fyrir ofan.

Hver sem er má tilkynna Íslandsmet í gegnum vefsíðu BFSÍ. BFSÍ tekur ekki ábyrgð á því að uppfæra Íslandsmetaskrá með metum nema metin hafi verið tilkynnt í gegnum viðeigandi form á bogfimi.is. Íslandsmet þarf að tilkynna til BFSÍ í síðasta lagi 30 dögum eftir að mótið lýkur sem metið var slegið á.

Íslandsmet er hægt að slá í öllum aldursflokkum, fjarlægðum og skífustærðum sem keppt er í á Íslandsmótum. Nýtt Íslandsmet þarf að vera amk 1 stigi hærra en núverandi met.

Einstaklingar sem mega keppa um Íslandsmeistaratitil í ákveðnum flokki geta slegið Íslandmet í þeim flokki.

Evrópu/heimsmet:

Sé um Evrópumet og/eða heimsmet að ræða þarf að tilkynna það tafarlaust eftir lok móts til BFSÍ, ásamt upprunalegu skorblaði, eða afriti undirrituðu af dómarar mótsins og vottum. Sjá nánar í reglubók WA um heimsmet.

Íslandsmetaskrá og gilding nýrra meta:

Formaður BFSÍ gildir íslensk met, uppfærir Íslandsmetaskrá og heldur utan um hana á vefsíðu sambandsins.